

Reykjavík, 15. september 2016

Minnisblað: Athugasemdir vegna breytingartillagna við frumvarp til laga um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum o.fl. (787. mál)

23. ágúst sl. lagði fjármála- og efnahagsráðuneytið fram breytingartillögur við frumvarp til laga um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum, sem er til umræðu hjá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. Viðskiptaráð skilaði inn umsögn um tillögurnar og var í kjölfarið boðað á fund nefndarinnar. Óskaði nefndin eftir því að ráðið tæki saman minnisblað vegna athugasemda sem það gerði við innleiðingu á reglum um takmörkun á frádrætti vaxtagjalda, sem er hluti af breytingartillögum ráðuneytisins.

Í lið H.1. breytingartillagna ráðuneytisins er lagt til að ákvæði um takmörkun á frádrætti vaxtagjalda bætist við 6. gr. frumvarpsins. Í umfjöllun um þá tillögu kemur fram að með henni séu innleiddar reglur tilskipunar Evrópusambandsins um skattasniðgöngu sem samþykktar voru af Evrópuþinginu þann 12. júlí síðastliðinn. Ákvæðið sem lagt er til er þó ekki í samræmi við tilskipunina. Í greinargerð breytingartillagnanna er vísað til tilskipunar nr. 2016/26/ESB en númer tilskipunarinnar sem til stendur að innleiða er hins vegar 2016/1164/ESB.¹ Skjalið sem vísað er til í greinargerðinni inniheldur aftur á móti drög að þeirri tilskipun, sem voru gefin út 28. janúar síðastliðinn, en drögnum var breytt áður en tilskipunin var gefin út.²

Með breytingartillögum fjármála- og efnahagsráðuneytisins er því lagt til að ákvæði 4. gr. **tilskipunardraga** nr. 2016/26/ESB verði innleitt lítið breytt í íslenskan rétt. Af greinargerðinni er einnig ljóst að ráðuneytið miðar við ákvæði tilskipunardraganna en ekki endanlega útgáfu tilskipunarinnar. Er meðal annars fjallað um að hámark frádráttar vaxtagjalda sé 1.000.000 evrur. Slíkt er viðmiðið í drögum að tilskipuninni (nr. 2016/26) en í endanlegri tilskipun (nr. 2016/1164) var fjárhæðarviðmiðið hækkað í 3.000.000 evrur. Þá kemur fram í greinargerð tillagnanna að hlutfall heimils vaxtafrádráttar sé samkvæmt tilskipuninni 10-30% af EBITDA. Endanleg tilskipun nefnir engin slík vikmörk en þau er hins vegar að finna í tilskipunardrögnum.

Eftir að tilskipunardrögin voru kynnt í janúar síðastliðnum tók 4. gr. tilskipunarinnar veigamiklum breytingum áður en hún varð hluti af Evróputilskipun nr. 2016/1164 sem var samþykkt í júlí.³ Það fór að lokum svo að ákveðið var að framlengja innleiðingarfrest fyrir þessa grein. Það þótti rétt að

¹ Tilskipun Evrópusambandsins nr. 2016/1164/ESB má nálgast á eftirfarandi slóð: <http://eur-lex.europa.eu/eli/dir/2016/1164/oj>

² Tilskipunardrög Evrópusambandsins nr. 2016/26/ESB má nálgast á eftirfarandi slóð: <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=COM%3A2016%3A26%3AFIN>

³ Yfirlit yfir ferlið frá útgáfu tilskipunardraganna til samþykktar tilskipunarinnar má nálgast á eftirfarandi slóð: <http://www.consilium.europa.eu/en/policies/anti-tax-avoidance-package/>

viðfangsefnið yrði rætt frekar á vettvangi OECD þar sem samstaða hafði ekki náðst um útfærslu ákvæðisins.⁴

Þegar 4. gr. tilskipunardragna nr. 2016/26/ESB og 4. gr. tilskipunar ESB nr. 2016/1164 eru bornar saman er ljóst að bæði inntak og orðalag greinarinnar eru breytt. Til að mynda hafa fjárhæðarviðmið verið hækkuð eins og áður segir og eftirfarandi ákvæði verið bætt við greinina:

For the purpose of this Article, Member States may also treat as a taxpayer:

(a) an entity which is permitted or required to apply the rules on behalf of a group, as defined according to national tax law;

(b) an entity in a group, as defined according to national tax law, which does not consolidate the results of its members for tax purposes.

In such circumstances, exceeding borrowing costs and the EBITDA may be calculated at the level of the group and comprise the results of all its members.

Ákvæði 4. tl. 4. gr. tilskipunarinnar er heldur ekki að finna í drögunum en það kveður á um að hvorki skuldir fyrir innleiðingu tilskipunar né skuldir vegna innviðaframkvæmda falli undir ákvæðið.

Til viðbótar við breytingar á ákvæði 4. gr. tilskipunarinnar vakti eftirfarandi texti sérstaka athygli Viðskiptaráðs. Hann er að finna í tilskipuninni en ekki tilskipunardrögunum og undirstrikar að mati ráðsins þær breytingar sem gerðar hafa verið á ákvæði 4. gr. tilskipunarinnar.

*Where a group includes more than one entity in a Member State, the Member State may consider the overall position of all group entities in the same State, including a separate entity taxation system **to allow the transfer of profits or interest capacity between entities within a group**, when applying rules that limit the deductibility of interest.*

Að mati Viðskiptaráðs er ljóst að ákvæði breytingartillagnanna sem varðar takmörkun á frádrætti vaxtagjalda hefur ekki verið unnið með fullnægjandi hætti. Af tillögunni er ljóst að hún miðar við tilskipunardrögin frá 28. janúar en ekki tilskipunina sjálfa eins og hún var endanlega samþykkt. Þetta telur ráðið vera óásættanleg vinnubrögð, sérstaklega í ljósi þeirra umfangsmiklu breytinga sem gerðar voru á drögunum áður en þau voru samþykkt. Þær breytingar skipta verulegu máli fyrir íslenskt atvinnulíf við innleiðingu tilskipunarinnar í íslenskan rétt. Með hliðsjón af ofangreindu telur Viðskiptaráð eðlilegt að ráðuneytið taki tillöguna til endurskoðunar áður en þinglegri meðferð málsins verður áfram haldið.

⁴ Í 5. lið 11. gr. tilskipunarinnar kemur eftirfarandi fram: „By way of derogation from Article 4, Member States which have national targeted rules for preventing BEPS risks at 8 August 2016, which are equally effective to the interest limitation rule set out in this Directive, may apply these targeted rules until the end of the first full fiscal year following the date of publication of the agreement between the OECD members on the official website on a minimum standard with regard to BEPS Action 4, but at the latest until 1 January 2024.“